

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðar

Skólastíg 9, Hrafnagilshverfi, 601 Akureyri

S. 463 0636 / 696 5767

Tölvupóstur: vigfus@sbe.is

Þann 2017-12-21 kl. 10.00 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **108. fundar** að Skólastíg 9, Hrafnagilshverfi. Formaður Hreiðar Bjarni Hreiðarsson, setti fundinn.

Fundinn sátu Hreiðar B. Hreiðarsson, Eyjafjarðarsveit, Elmar Sigurgeirsson, Eyjafjarðarsveit, Hermann Gunnar Jónsson, Grýtubakkahreppi, Björn Ingason, Svalbarðsstrandahreppi, Unnar Eiríksson, Hörgársveit, Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Á.K. smíði ehf., kt. 450404-2840, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar einbýlishúss við Bakkatröð 5, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru uppdættir frá Kollgátu arkitektum dags. 2017-06-30 auk séruppdráttar og ítarupplýsinga frá burðarþolshönnuði Límtré-Vírnet.

**Meirihluti byggingarnefndar samþykkir erindið (ES, UE, BI, HGJ), einn nefndarmaður sat hjá við atkvæðagreiðslu (HBH).**

2. Ármann Guðmundsson, kt. 030167-4579, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar einbýlishúss við Bakkatröð 23, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru uppdættir frá Kollgátu arkitektum dags. 2017-06-30 auk séruppdráttar og ítarupplýsinga frá burðarþolshönnuði Límtré-Vírnet.

**Meirihluti byggingarnefndar samþykkir erindið (ES, UE, BI, HGJ), einn nefndarmaður sat hjá við atkvæðagreiðslu (HBH).**

3. Halldór Kárason, kt. 160459-2989, sækir um byggingarleyfi vegna endurbyggingar frístundahúss við Guðrúnarstaði, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru uppdættir eftir Þröst Sigurðsson, Opus verkfræðistofu, dags. 2017-11-04.

**Byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins á grundvelli athugasemda sem fram komu á fundinum.**

4. Auður Thorberg Jónasdóttir, kt. 090579-4799, sækir um byggingarleyfi vegna breyttrar notkunar atvinnuhúsnæðis að Öldu í Eyjafjarðarsveit, sem nota á sem íbúðarhúsnæði. Meðfylgjandi eru uppdættir frá Jónasi Vigfússyni dags. 2017-12-18.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

5. Guðmundur Jón Guðmundsson, kt. 080854-2779, sækir um byggingarleyfi vegna breyttrar notkunar geymslurýmis í ísgerð í Holtsemi, Eyjafjarðarsveit, sem til stendur að nota sem veitingasal. Meðfylgjandi eru uppdættir eftir Björn Jóhannsson dags. 2017-08.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

6. Aðalsteinn Árni Hreiðarsson, kt. 260982-3119, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar breyttrar notkunnar hlöðu að Öxnhóli, Hörgársveit, sem nýta á sem lausagöngufjós. Meðfylgjandi eru uppdættir eftir AVH teiknistofu, dags. .2017-09-23

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

7. Guðmundur Sturluson kt. 140887-2779, tilkynnir um byggingarframkvæmd á skemmu að Þúfnavöllum, Hörgársveit. Framkvæmdin rúmast innan undanþáguheimildar 2.3.5. (h) í byggingarreglugerð. Fyrir liggja uppdættir dags. 2017-11-21 frá Bergi Steingrímssyni, Eflu verkfræðistofu, í samræmi við gr. 2.3.6. í byggingarreglugerð. Málshenjandi fer fram á að framkvæmdin verði undanskilin byggingarleyfi í samræmi við ofangreint.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

8. Hilmar Þór Pálsson, kt. 180675-5749, sækir um byggingarleyfi vegna tveggja bjálkahúsa á tjaldsvæði við Lónsá, Hörgársveit. Meðfylgjandi eru uppdættir frá Guðna Sigurbirni Sigurðssyni, Riss verkfræðistofu, dags. 2017-09-14.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

9. Viðar Bragason, kt. 120170-3769, sækir um byggingarleyfi til að rífa íbúðarhús að Björgum, Hörgársveit, sem skemmdist í eldsvoða s.l. haust.

**Byggingarnefnd samþykkti erindið.**

Allar afgreiðslur nefndarinnar eru með fyrirvara um að fyrir liggi athugasemdalaus gátlisti eldvarnareftirlits vegna uppdráttar.

Fleiri mál ekki tekin fyrir. Fundi slitið kl. 11:53

Fundargerð ritaði Vigfús Björnsson.

Hreiðar B. Hreiðarsson      Unnar Eiríksson      Hermann Gunnar Jónsson      Elmar  
Sigurgeirsson      Björn Ingason      Vigfús Björnsson